

## **93. sveitarstjórnarfundur Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 5. desember 2013 og hófst kl 17:00**

**Mætt eru:** Siggeir Stefánsson, Indriði Þóroddsson, Dagrún Þórisdóttir, Gunnólfur Lárusson, Steinunn Leósdóttir, Ævar Rafn Marinósson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Þá spurði hann hvort einhver hefði við fundarboð að athuga og svo var ekki.

### **DAGSKRÁ:**

**1. Fundargerð Sveitarstjórnar nr. 92.**

Lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð fræðslunefndar dagsett 19.11.2013.**

Lögð fram til kynningar

**3. Fundargerð Umhverfis og skipulagsnefndar dagsett 26.11.2013.**

Sveitarstjóri las upp texta á teikningu. Oddviti gaf orðið laust.

Liður nr 1, sem er uppdráttur með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggjar í Stórholti sem USN var búin að samþykkja lagður fyrir sveitarstjórn. Samþykktur samhljóða og sveitarstjóra falið að auglýsa breytinguna.

Aðrir liði í fundargerð lagðir til kynningar.

**4. Fundargerð Sauðanesnefndar dagsett 27.11.2013.**

Lögð fram til kynningar.

Ólafur ræddi möguleikana á því að sækja um rekstrarstyrki í Sauðaneshúsið. Erfitt að fá nokkra styrki nema leggja fram fast fjárframlag á móti.

**5. Fundargerðir frá Eyþingi nr. 248/249.**

Lagðar fram til kynningar.

**6. Fundargerð frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga nr. 810.**

Lögð fram til kynningar

**7. Fundargerðir frá Samtökum Sjávarútvegssveitarfélaga 9. og 10. fundur.**

Lagðar fram til kynningar

**8. Stuðningsbeiðni við Sjónarhól dagsvistunarheimli barna dagsett 29.11.2013.**

Ævar benti á vanhæfi sitt. Borið undir fundarmenn. Samþykkt samhljóða. Ævar vék af fundi.

Sveitarstjóri kynnti málið fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórn sammála um nauðsyn þess að viðhalda þessari starfsemi. Sveitarstjóra falið að ganga til samningviðræðna við dagheimilið Sjónarhól á þeim forsendum sem ræddar voru á fundinum. Sá samningur verði lagður fyrir sveitarstjórn þegar hann er tilbúinn. Samþykkt samhljóða.

Ævar kom aftur inn á fundinn.

**9. Stuðningsbeiðni frá sóknarnefnd Þórshafnarkirkju vegna barnastarfs dagsett 27.11.2013.**

Sveitarstjóri kynnti málið en búið er að kalla eftir frekari gögnum frá sóknarnefnd. Ólafi falið að taka málið upp við kirkjuna. Samþykkt samhljóða.

**10. Stuðningsbeiðni frá Héraðssetri Landgræðslu Ríkisins, Bændur Græða Landið í Langanesbyggð dagsett 28.11.2013.**

Landgræðslan fer fram á fjárstuðning vegna verkefnisins „Bændur græða landið“ að upphæð 50 þúsund krónur.

Fundarmenn samþykktu styrkbeiðnina samhljóða.

**11. Bréf frá Svölu Sævarsdóttur „sorpflokkara“ dagsett 17.11.2013.**

Spurning Svölu lítur að því hvort sorp úr gráu og brúnu tunnunum fari í sömu holuna á urðunarstað. Því er til að svara að þar sem urðunarstaður í dag er á Vopnafirði þá skilast allur úrgangur úr brúnu tunnunum inn á urðunarstað þar. Á Vopnafirði er ekki moltuvinnsla en þar er mun meiri flokkun en hér. Þar skilar sér nánast eingöngu lífrænn úrgangur á sorphaugana. Þar sem Langanesbyggð hefur ekki leyfi til urðunar né moltugerðar á urðunarstaðnum á Bakkafirði lengur er ekki um eignlega endurvinnslu að ræða tímabundið úr brúnu tunnunum en það sorp fer þó með lífrænum úrgangi Vopnafjarðarhrepps. Unnið er að því að finna framtíðarlausn á þessu og því er mikilvægt að íbúar hætti alls ekki þessari flokkun. Núverandi staða samræmist ekki þeim umhverfissjónarmiðum sem sveitarstjórn hefur sett sér.

Sveitarstjóri kynnti fyrirkomulag á sorpflokkun á Vopnafirði samkvæmt upplýsingum þaðan. Sveitarstjóri leggur til að farið verði til Vopnafjarðar og skoðað hvernig sorpflokkun er þar. Samþykkt samhljóða.

**12. Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu dagsett 25.11.2013.**

Lagt fram til kynningar.

**13. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dagsett 12.11.2013.**

Lagt fram til kynningar.

**14. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dagsett 25. 11.2013.**

Lagt fram til kynningar.

**15. Samstarfssamningur við Svalbarðhrepp.**

Lögð fram endanleg drög að samstarfssamningi Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps. Samningurinn ræddur. Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að fá að klára samninginn á þessum forsendum. Samþykkt samhljóða.

**16. Tölvupóstur frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga vegna hækkun útsvars í tengslum við færslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga dagsett 29.11.2013.**

Í undirbúningi eru breytingar á lögum nr. 4/195 um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingin er í samræmi við efni viðauka sem gerður hefur verið við samkomulag ríkisins og sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010 um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Viðaukinn felur í sér að ákvörðun um endanlega útsvarsprósentu sveitarfélaga vegna yfirfærslu þjónustunnar er frestað um eitt ár, til ársins 2014 með

gildistöku árið 2015. Þess vegna þarf að bregðast sérstaklega við vegna ársins 2014. Það er gert með því að heimila að leyfilegt hámarksútsvar af tekjum manna á árinu 2014 hækki um 0,04% úr 14,48% í 14,52%.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að hækka útsvar úr 14,48% í 14,52% með fyrirvara um að frumvarp um hækkun hámarksútsvars verði að lögum.

Samþykkt samhljóða.

## 17. Skýrsla sveitarstjóra.

- Dýpkunarmál – Dýpkunarframkvæmdum er lokið á Þórshöfn. Ekki var hægt að hefja dýpkunarframkvæmdir á Bakkafirði og því hefur verið framlengdur lokafrestur til að klára höfnina þar til 1. febrúar 2014.
- Umsókn um sértækanbyggðakvóta til Langanesbyggðar vegna Bakkafjarðar. Sveitarstjóri rakti málið fyrir fundarmönnum en mikil vinna liggur að baki þessarar umsóknar.
- Búið að senda bréf til aðila sem eiga aðild að almennan byggðakvótanum. Sveitarstjóri kynnti aðdragandann að þessu bréfi.
- Yfirvinnutímar í Langanesbyggð mánaðarlegar mælingar. Sveitarstjóri dreifði línuriti sem sýnir þróun á yfirvinnutímum hjá nokkrum deildum sveitarfélagsins.
- Sveitarstjóri sagði upp öllum tryggingum í síðasta mánuði. Í vikunni fundaði hann síðan með VÍS og samið var um verulega lækkun á tryggingunum fyrir árið 2014.
- Skoðun eigna og skýrslur sem komu út úr því. Búið er að skoða Lækjarveg 3, Hálsvegur 9 og 11 og Langholt 8. Sveitarstjóri kynnti fundarmönnum að þeir fengju sendar skýrslurnar um ástand þessara eigna. Þá kynnti sveitarstjóri tilboð frá Faglausnum um að taka út íþróttahúsið og félagsheimilið.
- KPMG komu í heimsókn. Þar var farið yfir ýmissleg m.a. afskriftir, skipulag uppgjöra og forvinna fyrir uppgjör afstemmingar unnar í desember. Lagður fyrir listi með gömlum kröfum sem útséð er með að fáist greiddar. Búið er að afskrifa þessar kröfur í bókhaldi. Samþykkt samhljóða að taka þessar kröfur út úr bókhaldi sveitarfélagsins.

## 18. Rekstraráætlun 2014.

Ólafur kynnti útkomuspá fyrir málaflokkana eins og þeir líta út í dag og samhliða áætlunina fyrir árið 2014. Einstaka deildir sýna betri rekstur á seinni hluta ársins en á fyrri hluta ársins. Það er ánægjuleg þróun. Skoða þarf það við endanlega fjárhagsáætlun.

Ýmis málefni varðandi fjárhagsáætlun rædd. Ólafur benti á tvær deildir sem þyrfti hugsanlega að breyta en það myndi ekki breyta heildarniðurstöðunni.

Styrkjamál rædd.

Siggeir lísti yfir vanhæfi sínu til að fjalla um málefni björgunarsveitarinnar Hafliða. Borið undir fundi og samþykkt samhljóða. Siggeir vék af fundi.

Ævar tók við stjórn fundarins. Rætt um hvernig er best að hafa fyrirkomulag á styrkjum. Rætt um hvernig er hægt að verkefnatengja styrki. Ævari falið að skoða

með sveitarstjóra fyrirkomulag á þessu. Samþykkt að veita 500 þúsund í styrk til Björgunarsveitarinnar árið 2014. Samþykkt samhljóða.

Siggeir kom aftur á fundinn og tók við fundarstjórn. Farið yfir deildir og fram komu ábendingar sem merkt var við. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri fara yfir það að skoða það og lagfæra fyrir næsta fund.

Ákveði að halda næsta sveitarstjórnarfund miðvikudaginn 11. desember kl 17:00. Þar verður tekin fyrir síðari umræða um fjárhagsáætlun.

Ákvörðun verður tekin um jólafrí sveitarstjórnar á þeim fundi.

**Fleira ekki gert**

**Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða**

**Fundi slitið kl 20:30.**